

Ed.

209. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28. des. 1970.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur rætt frv. á einum fundi og fengið til fundar við sig vegamálastjóra og ráðuneytisstjórnann í samgönguráðuneytinu, sem gáfu nefndinni svör við margvislegum spurningum nefndarmanna.

Minni hl. nefndarinnar telur, að svo langt sé gengið í skattlagningu á bifreiðanotkun og bifreiðakaup, að ekki megi ganga lengra í því efni, þar sem bifreiðin er mikilvægt þjónustutæki alls almennings í landinu, og aukin skattheimta muni því koma harðast niður á þeim, sem sízt hafa bolmagn til að standa hana af sér. Hækkun þessa skatts, tveggja króna hækkun benzínjalds og tilsvarendi hækkun þungaskatts og gúmmíjalds, mun nema um 230 millj. kr., en þessi breyting mun leiða af sér frekari hækkanir aðrar, sem renna í ríkissjóð, en um þær hækkanir er ekki vitað enn, en líklegt er, að útsöluverð á benzíni verði 20 kr. á lítra. Við viljum minna á það, að ríkisstjórnin hefur nýlega hækkað innflutningsgjald af bifreiðum, og rennur sá skattur beint í ríkissjóð. Auk fyrrnefndrar hækkunar munu bifreiðar hækka enn í stofnkostnaði vegna þeirrar gengislækkunar, sem þegar hefur verið ákveðin. Þannig gefur umferðin meiri tekjur í ríkissjóð en nokkru sinni fyrr. Það er skoðun okkar, og fellur hún saman við skoðun allra þeirra, sem gerðu tekjuöflun vegasjóðs að umræðuefni við gerð vegáætlunar 1971, að ekki væri fært að hækka innflutningsgjald af benzíni til þess að standa undir vaxandi vegaframkvæmdum, heldur yrði að koma til aukið fjárframlag úr ríkissjóði, enda ætti það að vera fært, ef litið væri til þeirra tekna, sem hann hefði í vaxandi mæli tekið til sín af umferðinni.

Nefndin gat ekki náð samstöðu um afgreiðslu frv., og leggur undirritaður minni hl. til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1972.

Steinþór Gestsson,
frsm.

Jón Árm. Héðinsson.

Ásgeir Pétursson.